

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2018

2021/EES/13/19

frá 6. júlí 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/471 frá 21. mars 2018 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu, sem tekur gildi frá og með 1. apríl 2018 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 15h (reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32018 R 0471:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/471 frá 21. mars 2018 (Stjtið. ESB L 79, 22.3.2018, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/471, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 22.3.2018, bls. 19.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.